

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 403 18. desember 1974, um gatnagerðargjöld í Bolungarvíkurkaupstað.****1. gr.**

1. gr. orðist svo:

Húseigendur í Bolungarvík skulu greiða til bæjarsjóðs Bolungarvíkur gatnagerðargjald af hverjum rúmmetra byggingar, sem nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar pr. m³ eins og hann er á hverjum tíma í visitöluhúsinu samkv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

1. Einbýlishús	3 %
2. Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð (raðhús) ..	2 %
3. Tveggja hæða íbúðarhús	2 %
4. Fjölbýlishús	1,5%
5. Verslunar- og skrifstofubyggingar	2 %
6. Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað húsnæði	1,5%
7. Opinberar byggingar	3 %
8. Bílageymslur, sérbyggðar	3 %

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjöld kr. 40.00 af hverjum fermetra lóðar.

2. gr.

Ný grein, 4. gr., bætist við og orðist svo:

Af byggingum, sem reistar verða á lóðum sem óbyggðar eru þegar lokið hefur verið við að leggja bundið slitlag á viðkomandi götu, skal greiða gatnagerðargjald samkv. 1. gr. og skal það greiddast á gjalddögum sem bæjarstjórn ákveður.

3. gr.

4. gr. verði 5. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt 1. og 3. gr. laga nr. 51/1974, um gatnagerðargjöld, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. febrúar 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ**fyrir Vatnsveitu Sauðárkrókskaupstaðar.****1. gr.**

Bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt og einnig til hafnarinnar. Bæjarráð annast stjórn og rekstur vatnsveitunnar í umboði bæjarstjórnar.